



23. mars 2020.

## **Orðsending til íbúa Ásahrepps í kjölfar ákvörðunar hreppsnefndar Ásahrepps þann 23. mars 2020.**

Ljóst er að alvarleg staða er komin upp í þjóðfélaginu vegna COVID-19 og því nauðsynlegt að bregðast við til að tryggja að stjórnýsla Ásahrepps geti verið starfhæf á þessum erfiðu tímum.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti samhljóða að opnun almennra tíma skrifstofu sveitarfélagsins á mánudögum og miðvikudögum verði hætt frá og með deginum í dag 23. mars og er því skrifstofan lokuð öllum almenningi. Lokunin varir svo lengi sem smitandi aðstæður eru í samfélaginu vegna heimsfaraldursins. Nauðsynlegt er að reyna verja sem best starfsmenn skrifstofunnar til að halda starfseminni gangandi. Aðilar sem vilja eða þurfa að hafa samband við skrifstofu sveitarfélagsins verða að nota síma eða tölvupóst til að koma erindum sínum á framfæri. Jafnframt er lögð áhersla á það að oddviti, sveitarstjóri og launafulltrúi verði ekki á sama tíma við vinnu á skrifstofu sveitarfélagsins. Hreppsnefnd mun halda fundi sína í fjarfundarbúnaði. Mælt er til að þátttaka fulltrúa sveitarfélagsins á fundum fyrir hönd sveitarfélagsins verði að öllu jöfnu með fjarfundarbúnaði.

### **Tölvupóstföng og símanúmer oddvita og sveitarstjóra:**

Ásta B. Ólafsdóttir, oddviti      Tölvupóstfang: [asta@asahreppur.is](mailto:asta@asahreppur.is)      Sími: 894-6566  
Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri      Tölvupóstfang: [valtyr@asahreppur.is](mailto:valtyr@asahreppur.is)      Sími: 897-0890

### **Staða heimila, rekstraraðila og fyrirtækja.**

Einnig kom til umræðu og umfjöllunar hjá hreppsnefnd Ásahrepps staða heimila, rekstraraðila og fyrirtækja í ljósi þess samdráttar sem orðið hefur og verður í þjóðarbúskapnum.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti samhljóða, á fundi sínum í dag, að veita sveitarstjóra heimild til að koma til móts við fyrirtæki, rekstraraðila og einstaklinga (heimili), þeirra sem þess óska, sem geta sýnt fram á greiðsluvandræði vegna þjóðfélagsástandsins. Hér er um að ræða innheimtu gjalda sem eru á höndum skrifstofu Ásahrepps s.s. fasteignagjalda.

Tímarammi og fyrirkomulag greiðslufrests verði ákveðinn í samráði við KPMG og Mótus, þannig að tímarammi lögveðs vegna fasteignagjalda skerðist ekki.

Þeir aðilar sem þurfa að nýta sér þetta úrræði er bent á að hafa samband við sveitarstjóra Ásahrepps, en símanúmer hans og tölvupóstfang er gefið upp hér fyrir í orðsendingunni.

Megi íbúum Ásahrepps, svo og öllum íbúum landsins, vegna sem best á þessum erfiðu tímum. Þetta er tímabundið ástand og er mjög nauðsynlegt fyrir alla að fara vel með sig og gæta þess að fylgja öllum fyrirmælum yfirvalda þannig að þjóðfélagið komist með besta móti frá þessum þrengingum. Hugum vel að hverju öðru og verum samtaka að vinna bug á þessum vágesti sem COVID-19 er.

Með bestu kveðju og óskum um gott gengi.

Valtýr Valtýsson  
sveitarstjóri Ásahrepps